

Sp. **528. Tillaga til þingsályktunar** [268. mál]
um útvegum fjármagns og aðstoð vegna endurbóta í hraðfrystiiðnaðinum.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Sigurgeir Kristjánsson, Halldór E. Sigurðsson,
Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar, að hraða beri undirbúningi og framkvæmdum vegna umbóta á hraðfrystiiðnaði landsmanna, sem vitað er að nauðsynlegar verða á næstu tveimur til þremur árum vegna þeirra ströngu ákvæða, sem verið er að lögbinda á erlendum mörkuðum um alla meðferð á fiski og fiskafurðum, og samþykkir í því skyni að fela ríkisstjórninni:

1. að útvega á þessu ári 500 millj. kr., sem endurlánist til umbóta í hraðfrystiiðnaðinum í gegnum Fiskveiðisjóð Íslands og Lánasjóð sveitarfélaga;
2. að koma á fót skrifstofu sérfræðinga, sem í samráði við Tillögunefnd um hollustuhætti í fiskiðnaði veiti hraðfrystihúsum og sveitarfélögum aðstoð við gerð áætlana, hönnun og annan undirbúning nauðsynlegra umbóta.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hefur í vestrænum löndum verið mjög hert á öllum kröfum um hreinlæti við framleiðslu og meðferð á matvælum. Meðal annars eru kröfur í Bandaríkjunum orðnar það strangar um sláturhús, að ekki er heimilt að flytja sauðfjárafurðir á Bandaríkjamarkað nema frá einu sláturhúsi hér á landi. Af þessum ástæðum eru viðtækar og kostnaðarsamar endurbætur hafnar við önnur hús.

Einnig í sambandi við meðferð og framleiðslu á fiski og fiskafurðum er verið að herða mjög á öllum kröfum. Árið 1966 var lagt fram á Bandaríkjaþingi frumvarp um opinbert skyldueftirlit með fiski og fiskafurðum. Síðan hafa sex skyld frumvörp verið lögð fram, og nú er talið öruggt, að frumvörp, sem geri svipaðar kröfur til fiskvinnslustöðva og gert hefur verið til sláturhúsa, verði að lögum á þessu ári.

Þessi löggjöf mun ná jafnt til afurða, sem framleiddar eru í Bandaríkjunum, og þeirra, sem fluttar eru inn í landið. Hún mun því hafa afar viðtæk áhrif á hraðfrystiiðnað okkar Íslendinga. Því var í ágúst 1969 sett á fót nefnd, sem var falið að fylgjast með þróun þessara mála í Bandaríkjunum og gera tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir hér á landi. Nefndin hlaut nafnið Tillögunefnd um hollustuhætti í fiskiðnaði.

Eins og fram hefur komið við ýmis tækifæri, m. a. á ráðstefnu Sambands íslenzkra sveitarfélaga um umhverfismál, sem haldin var í Reykjavík um miðjan febrúar s. l., hefur nefndin safnað ýtarlegum upplýsingum um þær kröfur, sem ætla má, að Bandaríkjamenn geri. Hingað til lands var einnig fenginn þekktur amerískur ráðunautur í matvælaíðnaði til þess að líta á íslensk hraðfrystihús og benda á það, sem bæta þyrfti. Á grundvelli slíkra upplýsinga kom út í nóvember síðastliðnum handbók fyrir frystihús um hreinlætis- og hollustuhætti.

Að sjálfsgöðu eru ýmis hraðfrystihúsin ágætlega úr garði gerð, sem betur fer, en afar víða er þó pottur brotinn. Of langt mál yrði að telja upp allar þær umbætur, sem nauðsynlegar eru taldar. Nægja verður að nefna, fyrst og fremst sem dæmi, að umhverfi frystihúsanna verður að bæta stórlega. Meðal annars er þess krafizt, að götur í næsta nágrenni þeirra séu steyptar, malbikaðar eða oliubornar og sömuleiðis akbrautir á lóðum frystihúsanna. Allt drasl verður að fjarlægja og lóðir að þekjast annaðhvort með grasi eða góðri mól. Frárennsli verða að fara niður í stórstraumsfjöruborð. Vatn verður að vera mjög gott, bæði til notkunar í frystihúsum og við hafnir til þess að skola báta og skip. Innan húsanna verða endurbætur ekki síður miklar, allt frá fiskmóttöku til frystigeymslu, a. m. k. í æðimörgum húsum. Hreinlætisaðstaða fyrir starfsfólk verður að vera afar fullkomin, hlífðarföt mjög góð svo og mötuleyti, og fleira mætti nefna.

Ýmsar kostnaðartölur hafa verið nefndar í sambandi við nauðsynlegar umbætur, allt frá 700 millj. kr. upp í hátt á annað þúsund milljóna. Staðreyndin mun vera sú, að litlar áætlanir hafa enn verið gerðar. Að visu mun tillögunefndin hafa verið reiðubúin til þess og meðal annars lagt til, að komið yrði upp skrifstofu með þremur sérfræðingum til þess að veita aðstoð við allan undirbúning nauðsynlegra umbóta og áætla fjárförf. Fjármagn mun hins vegar ekki hafa fengizt til þess að koma á fót slíkri skrifstofu.

Á fyrrnefndri ráðstefnu Sambands íslenzkra sveitarfélaga kom fram, að sveitarfélögin eiga í miklum erfiðleikum við undirbúning þeirra framkvæmda. sem þeim ber að annast. Háar tölur um kostnað voru einnig nefndar, sem sveitarfélögin ein verða að bera, t. d. 50—60 millj. kr. í Vestmannaeyjum, 5½ millj. kr. í Ólafsvík og 7½ millj. kr. á Ísafirði, en þó mun langt frá því, að öll kurl séu komin til grafar á þessum stöðum.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem tillögunefndin hefur fengið, verður að öllum líkindum veittur tveggja til þriggja ára frestur frá samþykkt laganna til þess að koma frystihúsum í það ástand, sem krafizt verður. Af þessu má vera ljóst, að

engan tíma má missa. Undirbúningur nauðsynlegra umbóta verður þegar að hefjast. Því er lagt til, að hið opinbera komi á fót skrifstofu með a. m. k. þremur sérfræðingum, sem veiti frystihúsum og sveitarfélögum aðstoð við undirbúning og framkvæmdir.

Á fundi stjórnar Framkvæmdasjóðs Íslands í lok febrúar s. l. lögðu fulltrúar Framsóknarflokksins til, að útvegaðar yrðu 500 millj. kr. til endurlána í gegnum Fiskveiðasjóð Íslands og Lánasjóð sveitarfélaga vegna nauðsynlegra umbóta í sambandi við hraðfrystiiðnaðinn. Meiri hluti sjóðsstjórnar vísaði tillögu þessari frá á þeirri forsendu, að fjárbörf í þessu skyni væri ekki þekkt. Það er að vísu rétt, eins og áður er rakið, að dregizt hefur að áætla fjárbörf lengur en eðlilegt er. Þó er vitað um ýmsar kostnaðarsamar framkvæmdir, bæði á vegum frystihúsa og sveitarfélaga, sem þegar má hefja, eins og t. d. frágang umhverfis, vatnsbóla, hreinlætis-aðstöðu og fjölmargt fleira. Samkvæmt slíkum upplýsingum, sem fengizt hafa, telja flutningsmenn 500 millj. kr. sízt of háa upphæð til þeirra framkvæmda, sem gera má þegar í ár. Er því lagt til, að ríkissjóður hafi milligöngu um útvegum þess fjármagns.

Þess má geta, að eitt af þeim frumvörpum, sem nú liggja fyrir Bandaríkjaþingi, fjallar um tæknilega og fjárhagslega aðstoð við fiskiðnaðinn þar í landi til þess að auðvelda honum að fullnægja þeim kröfum, sem hin væntanlega löggjöf leggur honum á herðar. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að „Fiskveiðasjóður“ í Bandaríkjunum verði í þessu skyni aukinn úr sem svarar um 900 millj. kr. upp í 3150 millj. kr.

Bandaríkjamarkaður fyrir frystar sjávarafurðir hefur verið og er mikilvægasti markaður okkar Íslendinga. Þar hefur verið farið stöðugt hækkandi á undanförmum mánuðum. Á þessu hefur íslenskur þjóðarþúskapur ekki sízt flotið á undanförmum dýrtíðarárnum. Meðal annars af þeirri ástæðu má ekkert til spara til þess að fullnægja kröfum þessa markaðar, þótt hins vegar sé ljóst, að kröfur um hreinlæti og hollustuhætti í meðferð matvæla eru svo sjálfsagðar, að ekki ætti að þurfa löggjöf í Bandaríkjunum til þess að knýja okkur Íslendinga til nauðsynlegra umbóta.